

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um  
Velferðar- og vinnumarkaðsmál

# HÚSNÆÐISMÁL OG GREIÐSLUVANDI HEIMILANNA

## HÚSNÆÐISMÁL

### Hvað höfum við sagt áður? / Staðan í dag

Grundvallarstef í stefnu og starfi ASÍ hefur frá upphafi verið og er enn öruggt og mannsæmandi íbúðarhúsnæði launafólks. Krafa um bæði almenn og félagsleg húsnæðisúrræði hér á landi eru undan rifjum hennar runnin sbr. verkamannabústaðakerfið og styrking almenna húsnæðiskerfisins á áttunda áratug síðustu aldar. Fjármögnun framkvæmda og almennra lánveitinga er og hefur verið á verksviði hennar og lífeyrissjóðanna sbr. m.a. fjármögnun byggingaframkvæmda í Breiðholti í Reykjavík á sjöunda áratug síðustu aldar og fjármögnun Íbúðalánasjóðs í dag.

Þetta samstarf átti sér lengst af stað milli hreyfingarinnar og stjórnvalda og þess gætt að báðir aðilar kæmu að stefnumótun, stjórnun og rekstri húsnæðiskerfisins, einkum þess félagslega.

Skömmu eftir 1990 rufu stjórnvöld allt samstarf við verkalýðshreyfinguna í húsnæðismálum og ruddi fulltrúum hennar úr stjórn Húsnæðisstofnunar og húsnæðisnefndum sveitarfélaganna. Stjórnvöld töldu sig ein fær og bær til þess að halda utan um og þroska félagsleg húsnæðisúrræði hér á landi. Síðan þá hefur stöðugt hallað undan fæti í húsnæðismálum launafólks og stjórnvöld eru komin í þrot.

- Vextir voru hækkaðir og dregið úr niðurgreiðslum. Teknar voru upp vaxtabætur til þess að brúa bilið en þær bætur hafa aldrei sinnt því hlutverki og aldrei bætt upp það tjón sem launafólk varð fyrir þegar vaxtaniðurgreiðslum var hætt og félagslega eignaríbúðakerfið lagt niður.
- Tekið var upp nýtt húsbreifa- og viðbótarlánakerfi sem ól af sér verðhækkun fasteigna og gífurleg afföll við sölu húsbreifa.
- Tekin var ákvörðun um að leggja verkamannabústaðakerfið niður og heimila sölu allra eigna út úr kerfinu.
- Efla átti almennan leigumarkað og jafna stöðu eigenda og leigjenda með upptöku húsaleigubóta. Þær bætur hafa aldrei sinnt því hlutverki til fullnustu og aldrei bætt upp það tjón sem launafólk varð fyrir með niðurlagningu félagslega eignaríbúðakerfisins.
- Ákveðið var að veita allt að 90% lán til íbúðarkaupa og efnt til samkeppni Íbúðalánasjóðs og ný einkavædds bankakerfis á íbúðalánamarkaði og úr varð sú fasteignabóla sem átti hlut í hruni fjármálastofnananna í október 2008 og sem hreinsaði í einu veffangi megnið af eiginfé og ævisparnaði launafólks í eigin húsnæði.

- Félagslegt leiguíbúðakerfi sveitarfélaganna er fjársvelt og vanbúið til þess að mæta sívaxandi þörf fyrir félagsleg húsnæðisúrræði. Leiga er há og biðlistar lengjast dag frá degi.

ASÍ hefur frá upphafi og í gegnum allar kúvendingar kerfisins s.l. 17 ár, varað stjórnvöld við en ætíð talað fyrir daufum eyrum. Hreyfingin hefur jafnan varið mikilvæga þætti húsnæðiskerfisins fyrir atlögum stjórnmalaflokka eins og þegar til stóð að breyta Íbúðalánasjóði í heildsölubanka fyrir bankakerfið og hætta almennum lánveitingum, þó það hafi því miður ekki alltaf tekist eins og þegar verkamannabústaðakerfið var einkavætt.

Verkalýðshreyfingin stendur enn og aftur frammi fyrir þeirri áskorun hvort og þá hvernig eigi að bregðast við erfiðum húsnæðis- og greiðsluvanda heimilanna.

- Á að treysta því að vaxtabóta- og húsaleigubótakerfin muni til framtíðar tryggja launafólki öruggt íbúðarhúsnæði sem ekki sögi til sín lungann úr launum þess?
- Á verkalýðshreyfingin að taka frumkvæðið að nýju og byggja upp félagslegt eignar- og eða leiguíbúðakerfi?
- Er hægt að byggja upp traust samstarf og samráð við stjórnvöld í húsnæðismálum og leita sameiginlegra lausna?
- Er hægt að semja um langtímafjármögnun á félagslegum lausnum í húsnæðismálum?

## GREIÐSLUVANDI HEIMILANNA

### Hvað höfum við sagt áður? / Staðan í dag

Megnið af greiðslu- og skuldavanda launafólks má rekja til

- atvinnuleysis og samdráttar í kaupmætti
- ótakmarkaðs aðgangs að lánsfé
- fasteignabólu
- ólögmetrar lánastarfsemi og gengistryggðra lána
- gengishruns, verðbólgu og of hárra vaxta

Stjórnvöld reistu engar varnir fyrir almenning sem varð saklaust fórnarlamb spilavítishagkerfis frjálshyggjunnar, eftirlitsleysis og skipulagðrar glæpastarfsemi í fjármálakerfinu. Stjórnvöld þverskölluðust við lagasetningu um þvingaða aðlögun á greiðslubyrði að greiðslugetu þar til í óefni var komið. Óásættanlegar tafir urðu á samningu nauðsynlegra laga, fyrst og fremst þar sem ráðherrar kusu að setja gæluhugmyndir sínar og embættastofnanir í forgrunn í stað virkra úrræða. Vandanum var fleytt fram á haust 2010 samhliða því sem þúsundum nauðungaruppboða var frestað fram til sama tíma. Við hvert nýtt úrræði sem stjórnvöld hafa kynnt, hafa einstakir ráðherrar, stjórnarliðar og stjórnarandstaða boðað nýjar og enn róttækari aðgerðir sem engin innistæða hefur verið fyrir en sem hafa tafið og latt framkvæmd gildandi úrræða. 75% af kostnaði við nýjustu hugmynd stjórnvalda um 18% niðurskurð allra verðtryggðra lána lendir á uppsöfnuðum lífeyri launafólks á almennum vinnumarkaði meðan ráðherrar, alþingismenn, embættismenn og þeir starfsmenn ríkis- og sveitarfélaga sem eru í opinberu stéttarfélögum bera engan skaða af. Almennu launafólki er ætlað að borga brúsann.

Skjaldborgin sem lofað var, var aldrei fullreyst og stjórnarandstaðan á Alþingi hefur norpað í skotgröfum fjórflokkakerfisins í stað þess að axla ábyrgð sína. Fyrir harðfylgni ASÍ og oftast í tengslum við endurnýjun og gerð kjarasamninga náðist umtalsverður árangur í því að verja heimili og hagsmuni skuldugs launafólks og flestar og róttækustu ráðstafanir stjórnvalda er að rekja til krafna ASÍ.

- Krafa ASÍ um löggjöf sem tryggi þvingaða aðlögun greiðslubyrði að greiðslugetu frá 1994 varð endanlega að lögum 2010.
- Kröfur ASÍ um bætta réttarstöðu skuldara „Réttur fólksins ekki rukkaranna“ frá því haustið 2008 urðu smátt og smátt að lögum fram á árið 2010. Þar ber hæst nýjar og mjög róttækar takmarkanir á fjárhæð innheimtukostnaðar, bætta réttarstöðu við fjárnám og uppboð og réttur fólks til afnota af íbúðarhúsnæði sem lendir í gjaldþroti eða nauðungaruppboðum.

Greiðslu- og skuldavandi launafólks fer vaxandi samhliða blóðugum niðurskurði í velferðarkerfinu og vanefndum stjórnvalda á loforðum um vernd bótakerfisins. Vanefndir stjórnvalda á þríhliðasamningum þeirra og aðila vinnumarkaðarins hafa grafið undan trausti og trúverðugleika þess samstarfs.

Verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir þeirri áskorun hvort og þá hvernig eigi að bregðast við. Verður hægt að loka næstu kjarasamningum án trygginga fyrir nauðsynlegum aðgerðum.

Hvaða aðgerða er þörf og hvernig á að tryggja efndir stjórnvalda?